

Bæjarstjórn - 13

## FUNDARBOÐ

**13. fundur bæjarstjórnar**  
**verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 4. maí 2023 og hefst kl.**  
**17:00**

### Dagskrá:

#### Fundargerðir nefnda

- 1. 2304004F - Bæjarráð - 11**  
Lögð fram fundargerð 11. fundar bæjarráðs.
- 2. 2303006F - Skóla- og fræðslunefnd - 6**  
Lögð fram 6. fundargerð skóla- og fræðslunefndar.
- 3. 2303008F - Skipulagsnefnd - 10**  
Lögð fram fundargerð 10. fundar skipulagsnefndar.

#### Erindi til kynningar

- 4. 2304025 - Stýrihópur um heilsueflandi samfélag - fundargerðir**  
Lögð fram fundargerð fyrsta fundar stýrihóps um heilsueflandi samfélag.
- 5. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar**  
Lögð fram fundargerð Breiðafjarðarnefndar nr. 212, frá 14. febrúar 2023.
- 6. 2106024 - Fundargerðir stjórnar Náttúrustofu Vesturlands**  
Lögð fram fundargerð frá stjórnarfundi Náttúrustofu Vesturlands frá föstudeginum 17. febrúar sl.
- 7. 2102003 - Fundargerðir - Samband íslenskra sveitarfélaga**  
Lögð fram fundargerð 921. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var fimmtudaginn 30. mars sl.
- 8. 2303041 - Aðgengisúttekt**  
Lögð fram aðgengisúttekt sem unnin var af Travable sumarið 2022.
- 9. 2304024 - Bráðabirgðauppgjör jan-mars 2023**  
Lagt fram bráðabirgðauppgjör fyrir fyrsta ársfjórðung 2023.

## **Erindi til afgreiðslu/umsagnir**

### **10. 2304028 - Ársreikningur Sveitarfélagsins Stykkishólms 2022**

Lagður fram til fyrri umræðu ársreikningur Sveitarfélagsins Stykkishólms fyrir árið 2022.

Á 11. fundi sínum samþykkti bæjarráð ársreikninginn fyrir sitt leyti og vísaði til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

### **11. 2211024 - Innleiðing hringrásarhagkerfis**

Lagt fram minnisblað bæjarstjóra þar vegna fyrirhugaðra grenndarstöðva. Í minnisblaðinu er lögð fram tillaga að útfærslu á grenndarstöð sem talin er snyrtileg og öflug fyrir íslenskar aðstæður. Þá eru jafnframt lagðar fram tillögur að staðsetningum fyrir grenndarstöðvar, en bæjarstjóri leggur til að þeim tillögum verði vísað til meðferðar í skipulagsnefnd.

Á 11. fundi sínum samþykkti bæjarráð tillögu bæjarstjóra og að fyrstu þrjár staðsetningarnar verði í Lágholti, Búðarnesvegi og Skúlagötu. Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

### **12. 2304022 - Verklagsreglur um ráðningar starfsmanna**

Lögð fram tillaga KPMG að uppfærðum verklagsreglum um ráðningu starfsmanna sveitarfélagsins.

Á 11. fundi sínum samþykkti bæjarráð tillöguna og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja uppfærðar verklagsreglur með áorðnum breytingum um ráðningu starfsmanna sveitarfélagsins.

### **13. 2112004 - Sameining Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar - Dreifbýlisráð**

Samstarfsnefnd um sameiningu Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar lagði til að sett yrði á fót sérstakt dreifbýlisráð til tryggja áhrif íbúa í dreifbýli á stjórnarsýslu sameinaðs sveitarfélags í tilgangi að draga úr áhyggjum íbúa í dreifbýli af að missa áhrif á verkefni í nærsamfélaginu og annast það sérverkefni sem snúa að íbúum þess hluta sveitarfélagsins.

Strax í upphaf þessa kjörtímabils hófst undirbúningur hins sameinaða sveitarfélags á breytingum á samþykkt um stjórn þess og var gengið frá þeim breytingum með síðari umræðu í ágúst 2022. Í kjölfarið kom í ljós að um sumarið hafði verið lögfest lagaákvæði sem kvað um að setningu reglna um framkvæmd íbúakosninga sveitarfélaga og til að til að tryggja að íbúakosning á vegum sveitarfélags uppfylli grundvallarskilyrði um lýðræðislegar kosningar skuli ráðuneytið setja reglugerð að höfðu samráði við landskjörstjórn þar sem mælt er fyrir um þau lágmarksatriði sem fram skulu koma í reglum sveitarfélaga um íbúakosningar, sbr. 4. mgr. 133. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 6. gr. laga nr. 83/2022.

Sveitarfélagið hefur frá þeim tíma verið að kalla eftir setningu umræddrar reglugerðar þannig að geti haldið íbúakosningu og sett umrætt dreifbýlisráð á fót. Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra, hefur nú staðfest nýja reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga sem fjallar um þau lágmarksatriði sem þurfa að koma fram í reglum sveitarfélaga um framkvæmd íbúakosninga. Reglugerðin tók gildi 1. apríl 2023.

Lögð fram reglugerð 323/2023 um íbúakosningar sveitarfélaga, ásamt tillögu að reglum sveitarfélagsins um kosningu í dreifbýlisráð.

Bæjarráð samþykkti á 11. fundi sínum tillögu að reglum um íbúakosningu í dreifbýlisráð og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja þær.

**14. 2303005 - Samkomulag við Eyja- og Miklaholtshrepp um þjónustu í skólamállum o.fl.**

Á 9. fundi bæjarráðs var lagt fram erindi frá Eyja- og Miklaholtshrepp varðandi leik- og grunnskólamál. Í erindinu er þess farið á leit að Sveitarfélagið Stykkishólmur veiti leik- og grunnskólaþjónustu fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp. Bæjarráð tók á fundi sínum jákvætt í erindið og fól bæjarstjóra, ásamt oddvitum beggja lista, að semja við fulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps um leik- og grunnskólaþjónustu fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp. Fyrir bæjarstjórn eru lagðar tillögur að samningum sveitarfélaganna.

Á 11. fundi sínum samþykkti bæjarráð samningana og lagði jafnframt til við bæjarstjórn að samþykkja þá.

**15. 2304029 - Landfyllingar, jarðmótun og manir**

Lagar eru fram tillögur að landfyllingum, jarðmótunum og mönum innan sveitarfélagsins.

Bæjarráð samþykkti á 11. fundi fyrirbyggjandi tillögur að landfyllingum, jarðmótunum og mönum innan sveitarfélagsins og vísaði málinu til frekari vinnslu og útfærslu hjá skipulagsfulltrúa. Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

**16. 2304030 - Kennslukvóti fyrir skólaárið 2023-2024**

Lögð fram umsókn Grunnskólans í Stykkishólmi um kennslukvóta fyrir skólaárið 2023-2024.

Á 11. fundi sínum samþykkti bæjarráð beiðni skólastjóra um kennslukvóta við Grunnskólann í Stykkishólmi skólaárið 2023-2024 og tillögur skólastjóra um stuðningsfulltrúa og ráðningu í 50% stöðu forfallakennara. Bæjarráð vísaði afgreiðslu sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

**17. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra**

Minnispunktar bæjarstjóra framlagðir.

02.05.2023

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri.